

Málverk án titils eftir Sigurð Árna Sigurðsson.

Byggir verk sín á náttúruformum

Á Kjarvalsstöðum eru nú í gangi þrjár sýningar. Í Vestursal sýnir Kristinn G. Harðarson, í miðsalnum eru málverk eftir Sigurð Árna Sigurðsson og í Austursalnum er sumarsýning á verkum eftir Jóhannes S. Kjarval sem eru í eigu safnsins. Þessar sýningar

Sýningar

ingur munu standa til 11. september.

Sigurður Árne Sigurðsson hefur verið búsettur í París undanfarin ár og hafa verk hans vakið athygli þar og víðar í Evrópu. Sigurður Árne sýnir málverk og teikningar. Meðal þeirra eru verk unnin út frá hugmyndum um almenninggarða. Í verkum sínum byggir hann á náttúruformum en forðast rökhyggju náttúruismans.


Í bók um Sigurð Árna, sem jafnframt er sýningarskrá og gefin er út af Kjarvalsstöðum, segir meðal annars um list Sigurðar: „Málverk Sigurðar Árna Sigurðssonar eru list skuggamynda og tvífarar. Þau tengjast uppruna málaralistarinnar og enn fremur þeim hugmyndum forfedranna að tvífarar séu bæði ógnvekjandi og verndandi...“

Hálendisvegir viðkvæmir

Að ferðast um hálendi Íslands er engu líkt, hvort sem tímanum er eytt í gönguferðir eða jeppaferðir, því í flestum tilfellum eru vegir aðeins

Færð á vegum

færir jeppum og fjórhjóladrifnum öllum. Í fréttum um helgin kom fram að margir hafa keyrt óvarlega um hálendisvegi og hafa því orðið fyrir skakkaföllum. Það er ekki aðeins að bílar geti farið illa með óvarkárni í akstri heldur eru vegir víða í þannig ástandi að þeir eru viðkvæmir og geta farið illa þegar keyrt er of hratt og er sjálfsagt að hafa í huga að það þarf bæði að bera virðingu fyrir viðkvæmum vegum og viðkvæmri náttúru á hálendi Íslands.



Legend for road conditions: Hálka og snjór án fyrirstöðu (Icy and snow without advance warning), Lokað (Closed), Vegavinna-aðgát (Roadwork access), Þungfært (Heavy load), Öxulþungatakmörkanir (Load limits), Fært fjallabílum (Suitable for off-road vehicles).



Elijah Wood og Courtney B. Vance í hlutverkum sínum í Stíkilsberja-Finni.

Sögupersóna sem allir þekkja

Mark Twain skapaði Stíkilsberja-Finn og hefur þessi flækingsdregur verið vinur allra ævintýraþyrstra stráka. Ævintýrið um Stíkilsberja-Finn hefur áður verið kvikmyndað og það oftast en einu sinni. Bíóhöllin hefur nú hafið sýningar á nýjustu útgáfunni og er það Disneykvikmyndafyrirtækið sem gerir myndina og þykir hafa vel tekist til.

Titilhlutverkið leikur Elijah

Bíó í kvöld

Wood sem var ellefu ára gamall þegar myndin var gerð. Hann er tvímælalaust þekktastur barnaleikara fyrir utan Macauley Culkin. Hann hefur þegar leikið í nokkrum þekktum kvikmyndum. Wood hófi frumraun sína í Internal Affairs og sama ár í Back to the Future II. Barry Levinson valdi hann til að leika drenginn í Avalon, stórt hlutverk sem Wood leysti vel af hendi. Þar á eftir lék hann aðalhlutverkið í Radio Flyer.

Nýjar myndir

- Háskólabíó: Fjögur brúðkaup...
- Laugarásbíó: A Bronx Tale
- Saga-bíó: The Mighty Ducks 2
- Bíóhöllin: Maverick
- Stjórnubíó: Bíódagur
- Bíóbergin: Ég elska hasar
- Bíóhasar: Hold og blóð
- Regnboginn: Flóttinn

Gaukur á Stöng. Loðin rotta næstu tvö kvöld

Gaukur á Stöng er einn elsti pöbbinn í bænum og hefur allt frá því staðurinn var opnaður verið meðal vinsælustu skemmtistaða bæjarins. Margir pöbbar hafa verið

Skemmtanir

settir á laggirnar og horfið jafnarðan en Gaukur á Stöng hefur staðið af sér alla samkeppni. Það sem þessi ágæti staður hefur kannað fyrst og fremst fram yfir aðra álika er að þar er boðið upp á lifandi tónlist alla daga vikunnar.

Það er nokkuð langt síðan Gaukur á Stöng tók að skipuleggja tónleikahald sitt fram í tímann og í



Loðin rotta.

kvöld og annað kvöld skemmtir Loðin rotta sem hefur starfað með hléum undanfarin sex ár. Þarna fer reynslumikil hljómsveit sem hefur gert það gott í gegnum árin. Meðal hljómsveita sem koma fram á Gauknum í ágúst má nefna 1000 andlit, N1+, Galileo, Spoon, Black Out, Hunang, Vini Dóra og Vini vors og blóma.



Margar brýr eru völdundarsmiði.

Stærstu brýr í heimi


Talið er að Súmerar hafi byggt fyrstu brýrnar 3200 f.Kr. en elsta brú í heimi, sem vitað er um aldur á, er hlaðin úr hellusteinum í einum boga yfir ána Meles í Smyrnu (nú Ixmír) í Tyrklandi

Blessuð veröldin

og er hún frá því um 850 f.Kr. Brýr eru misjafnlega byggðar og eru yfirleitt flokkaðar í hengibrú, svifbitabrú, stálbogabrú og flotbrú.

Lengstu brýrnar

Þegar talað er um lengstu brýr þá er yfirleitt átt við þann hluta brúarinnar sem er yfir sjó eða vatni og sú hengibrú sem lengst er samkvæmt þessari mælistíku er brúin yfir Humberós í Bretlandi. Hún er 14.010 metrar en byggingin öll nær 2220 metra lengd. Lengsta svifbitabrúin er Quebec-brúin yfir St. Lawrence-fljót í Kanada. Á milli brúarstöpla hennar eru 549 metrar en heildarlengdin er 987 metrar. Lengsta stálbogabrúin er New River Gorge brúin, nærri Fayetteville í vestur-Virginíu, 518 metrar og lengsta flotbrú heims er brú yfir Washington-vatni í Seattle. Öll brúin er 3839 metrar en fljótandi hluti hennar er 2291 metri.



Sonur Þórunnar og Ólafs

Myndarlegi drengurinn á myndinni fæddist 29. júlí á fæðingardeild

Barn dagsins

Landspítalans klukkan 6.13. Hann var við fæðingu 3710 grömm og 51 sentímetra langur. Foreldrar hans eru Þórunn Sverrisdóttir og Ólafur Baldursson og er þetta fyrsta barn þeirra.

Gengið

Almenn gengisskráning Lí nr. 194. 15. ágúst 1994 kl. 9.15

| Eining | Kaup | Sala | Tollgengi |
|---------------|----------|----------|-----------|
| Dollar | 68,170 | 68,370 | 68,890 |
| Pund | 105,430 | 105,750 | 105,330 |
| Kan. dollar | 49,320 | 49,510 | 49,870 |
| Dönsk kr. | 11,0770 | 11,1210 | 11,1040 |
| Norsk kr. | 9,9720 | 10,0120 | 10,0120 |
| Sænsk kr. | 8,7610 | 8,7960 | 8,9000 |
| Fi. mark | 13,2190 | 13,2720 | 13,2540 |
| Fra. franki | 12,7880 | 12,8390 | 12,7710 |
| Belg. franki | 2,1325 | 2,1411 | 2,1209 |
| Swiss. franki | 52,2600 | 52,4700 | 51,4600 |
| Holl. gyllini | 39,0800 | 39,2300 | 38,8900 |
| Þýskt mark | 43,9100 | 44,0400 | 43,6300 |
| It. líra | 0,04284 | 0,04306 | 0,04352 |
| Aust. sch. | 6,2350 | 6,2660 | 6,1970 |
| Port. escudo | 0,4272 | 0,4294 | 0,4269 |
| Spá. peseti | 0,5255 | 0,5281 | 0,5300 |
| Jap. yen | 0,68030 | 0,68240 | 0,70160 |
| Írskt pund | 103,870 | 104,390 | 103,960 |
| SDR | 99,21000 | 99,71000 | 100,26000 |
| ECU | 83,4200 | 83,7500 | 83,4100 |

Símsvari vegna gengisskráningar 623270.

Krossgátan

| | | | | | | |
|----|----|---|----|----|----|----|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | | | | 9 | | |
| 10 | | | 11 | | 12 | |
| | 13 | | 14 | | | 15 |
| 16 | | | | 17 | | |
| 18 | 19 | | 20 | | | |
| 21 | | | | | 22 | |

Lárétt: 1 falla, 8 hrósa, 9 fljóti, 10 guði, 11 gróður, 13 traðkar, 16 sléttadi, 18 angur, 20 atorku, 21 galli, 22 fæðu. Lóðrétt: 1 kæta, 2 dramb, 3 skjólflik, 4 kropp, 5 land, 6 rykkorn, 7 kusk, 12 efla, 14 spotti, 15 grind, 17 viðkvæm, 19 fluga. Laus á síðustu krossgátu. Lárétt: 1 bossa, 6 sa, 8 efi, 9 efju, 10 ragi, 11 lóm, 12 snuðaði, 14 ekruna, 17 rá, 18 gruni, 19 klár, 20 man. Lóðrétt: 1 berserk, 2 ofan, 3 sigur, 4 seiður, 5 aflanum, 6 sjóð, 7 aum, 13 iðin, 15 kál, 16 ana, 18 gá.